

## DAGSKRÁ

Laugardaginn 21.júlí

11:00-22:00	<b>Kaffi Kjós</b> <i>Hjólabátar og fleira skemmtilegt</i>
12:00-16:00	<b>Samansafnið</b> <i>Kiðafelli</i>
12:00-18:00	<b>Sogn</b> <i>Sala á ungnautakjöti</i>
12:00-17:00	<b>Álfagarðurinn</b> <i>Vinnustofa og fleira</i>
12:00-17:00	<b>SG textíl</b> <i>Vinnustofa við Flekkudalsveg 19a</i>
12:00-17:00	<b>Gallerí NaNa</b> <i>Flekkudalsvegi 18</i>
12:00-17:00	<b>Keramík</b> <i>Eyrum 9, Eilífsdal</i>
12:00-14:00	<b>Rúlluskreytingakeppni</b> <i>Upplýsingar á Facebook Kátt í Kjós</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Markaður</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Tuddinn</i>
12:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Leikir fyrir börnin</i>
13:00-17:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Trjásala frá Kiðafelli 3</i>
13:00-15:00	<b>Félagsgarður</b> <i>Blaðrarinn frá Sirkus Íslands</i>
13:00-17:00	<b>Reynivallakirkja</b> <i>Opin kirkja og uppákomur</i>
13:00-14:00	<b>Hjalli</b> <i>Gönguferð með leiðsögn að Sandsfossi í Eyjadal</i>
14:00-16:00	<b>Hjalli</b> <i>Opið hús</i>
14:00-17:00	<b>Ásgarður</b> <i>Kaffihlaðborð kvenfélagsins</i>
14:00-16:00	<b>Möðruvallarétt</b> <i>Dýragarður</i>

## VELKOMIN Í KJÓSINA



### Best prýddi póstkassinn

setjum póstkassana í sparigallann fyrir Kátt í Kjós!



Íbúar Kjósarinnar eru hvattir til að skreyta póstkassa sína í tlefni dagsins. Menningar- og viðburðanefnd mun svo keyra um Kjósina á sunnudeginum og velja best prýdda póstkassa Kjósarinnar!

# Kátt í Kjós

Laugardaginn 21.júlí 2018

Laugardaginn 21.júlí verður Kjósinn opnuð fyrir gestum og gangandi undir kjörorðinu „Kátt í Kjós“ og er þetta í tólfta sinn sem efnt er til opins dags í sveitafélaginu. Fjölmarginir áhugaverðir staðir verða opnir og bjóða gesti þar velkomna.

Láttu sjá þig!



Nánari upplýsingar:

[www.kjos.is](http://www.kjos.is)

 "Kátt í Kjós"


## Kaffi Kjós

Við Meðalfellsvatn  
Opíð 11 - 22



Þjónustumiðstöð í suðurhlíð Meðalfells þar sem lögð er áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrúmslofti.

Hjólábátar og fleira skemmtilegt á Kátt í Kjós

www.kaffikjos.is  Kaffi Kjós

## SG textíl

Flekkudalsvegi 19a  
Opíð 12 - 17



Sigga á Bakka opnar vinnustofuna sína í tilefni dagsins að Flekkudalsvegi 19a við Sandsá. Til sölu eru handunnar vörur úr meðal annars ull og silki. Einnig framleiðir Sigga slár og fleira úr forsoðinni ull. www.sgtextil.is

## Gallerí NaNa

Flekkudalsvegi 18  
Opíð 12 - 17



Í Gallerí NaNa eru glæsilegar handgerðar leðurtöskur skreyttar með fiskiroði og skinni ásamt fylgihlutum til sýnis og sölu. www.nana.is

## Trjásala

Við Félagsgarð  
Opíð 13 - 17



Kata og Bjössi frá Kiðafelli 3 verða með til sölu við Félagsgarð hinar ýmsu tegundir af trjáplöntum, runnum og fjölræringum.

## Keramík

Eyrum 9, Eilífsdal  
Opíð 12 - 17



Sjöfn Ólafsdóttir hefur hannað ævintýraheim úr keramíki. Hún er með vinnustofu sína í sumarbústaðahverfinu við Eilífsdal, Eyrum 9.

## Ásgarður

Kaffisala kvenfélagsins  
Opíð 14 - 17



Kvenfélag Kjósarhepps verður að þessu sinni í Ásgarði með með sitt alþekktu, alvöru kaffihlaðborð. Allur ágóðinn rennur til styrktar góðum málefnum.

Í Ásgarði verða einnig sýningar á nokkrum einkasöfnum og verða þau nánar auglýst á kjos.is þegar nær dregur.

## Sogn

Sala á ungnautakjöti  
Opíð 12 - 18



Á Sogni verður til sölu ungnautakjöt og ýmsar vörur unnar úr ungnautakjöti.

Í tilefni 30 ára búsetu afmæli fjölskyldunnar verða GEFINS hamburgarar af grillinu.

## Reynivallakirkja

Opin kirkja og uppákomur  
Opíð 13 - 17



Sóknarprestur Reynivallaprestakalls, sr. Arna Grétarsdóttir verður með kirkjuna opna og býður alla hjartanlega velkomna í heimsókn. Áhugaverðar uppákomur verða í kirkjunni kl. 13, 15 og 17

## Félagsgarður

Sveitamarkaður  
Opíð 12 - 17



Sveitamarkaður og kynning á ýmsum framleiðsluvörum. Meðal þess sem er í boði er þrjónavara, handverk, listmunir og matvörur.

## Möðruvallarétt

Dýragarður  
Opíð 14 - 16



Ungmennafélagið Drengur mun taka þátt í Kátt í Kjós í ár. Í Möðruvallarétt verða hin ýmsu dýr sem hægt verður að heilsa upp á.

## Hjalli

Gönguferð og opið hús  
Ganga kl.13 / opið 14 - 16



Gönguferð (ca 1.klst) með leiðsögn að Sandsfossi í Eyjadal. Lagt af stað kl. 13 frá Hjalla. Hlaðan á Hjalla opin kl. 14 - 16. Heitt á könnunni

## Álfagarðurinn

Fyrir ofan Hvalfjarðareyri  
Opíð 12 - 17



Ragnhildur Jónsdóttir myndlistarkona og sjáandi býður fólki að heimsækja vinnustofu sína í Álfagarði. Þar verður í aðalhlutverki Vinátturefillinn sem er alþjóðlegt vina og handavinnuverkefni. Ragnhildur og Lárus taka á móti gestum og ræða um vináttu á milli heima, meðal annars vináttu við álfa og huldufólk. Einnig verður lítill álfamarkaður.

## Tuddinn

Við Félagsgarð  
Opíð 12 - 17



Tuddinn er fyrstaflokks grillbill frá Hálsi í Kjós sem selur alvöru hamburgara. Hamburgara úr hreinu kjöti af holdagripum. Gripirnir eru eingöngu fódraðir á grasi sem gerir kjötið af þeim að nánast hreinni náttúruafurð.

## Félagsgarður

Blaðrarinn  
Opíð 13 - 15



„Blaðrarinn“ frá Sirkus Íslands verður við Félagsgarð að búa til blöðrufigúrur fyrir börnin.

## Félagsgarður

Leikir fyrir börnin  
Opíð 12 - 17




Krikket, Kubb víkingaspil, spaðaleikir, húllahringir og margt fleira á grasflötinni við Félagsgarð fyrir börnin.

## Rúlluskreytingakeppni

Nánar auglýst síðar  
Opíð 12 - 14



Ef veður leyfir þá mun hin vinsæla rúlluskreytingakeppni vera haldin á Kátt í Kjós. Staðsetning verður auglýst þegar nær dregur. Fylgist með á kjos.is og á  Kátt í Kjós. Hver þátttakandi skráir sig við komu og fær eina rúllu til að skreyta að eigin vilja. Málningarsprey er á staðnum.

## Samansafnið

Kiðafelli  
Opíð 12 - 16



Bændumir á Kiðafelli hafa komið upp fjölbreyttu safni gamalla muna á fjósloftinu. Þar má m.a. skoða gamlar búvélar, stríðsminjar, sjávar og landbúnaðarminjar. Í safninu eru margir hlutir sem koma gestum skemmtilega á óvart svo sem einn elsti ísskápur landsins, áfengisbók fyrir karla frá skömmtunarárunum og hvalskurðarhnifur Halldórs Blöndals. Safnið er almennt opið eftir samkomulagi og er vinsæll viðkomu staður í óvissu og starfsmannaferðum.

S: 566 7051, 896 6984, kidafell@emax.is